

Alþingi  
Erindi nr. P 133/1209  
komudagur 26.2.2007



Landskerfi bókasafna

✉ Borgartúni 37, 5.h., 105 Reykjavík • ☎ 514-5050  
🌐 www.landskerfi.is • 📧 landskerfi@landskerfi.is • 📠 514-5055

Reykjavík, 23. febrúar 2007

Menntamálanefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík

## Umsögn Landskerfis bókasafna hf. vegna *Frumvarps til laga um bókmenntasjóð og fleira.* pskj. 776 – 513. mál

### **Almennt álit**

Í III kafla frumvarpsins er fjallað um greiðslur vegna afnota á bókasöfnum. Greiðslur skulu byggja á gögnum frá Landskerfi bókasafna hf. Í þessu sambandi vill Landskerfi bókasafna hf. ítreka, að umtalsverð vinna getur falist í því að draga gögnin út úr Gegni, samskrá íslenskra bókasafna, sem er það kerfi er hér um ræðir. Mikilvægt er að verklag verði mótað strax í upphafi vegna þessa, með aðkomu Landskerfis bókasafna hf., Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns auk Úthlutunarnefndar. Sjá nánar í athugasemdum við 4. og 5. gr. að neðan.

### **Athugasemdir við III kafla**

#### **4. gr.**

2.mgr.: *”Rétt til úthlutunar samkvæmt þessari grein eiga rithöfundar, þýðendur, myndhöfundar og tónskáld, auk annarra einstaklinga sem átt hafa þátt í ritun bóka, enda sé framlag þeirra skráð hjá Landskerfi bókasafna eða á annan sannanlegan hátt.”*

Ábyrgðaraðild að útgefnum verkum er ekki alltaf einhlít og því geta komið upp álitamál um höfundaraðild. Af þeim sökum er mikilvægt að Úthlutunarnefnd leggi hverju sinni fram lista um höfunda og aðra sem rétt eiga til úthlutunar, auk verka þeirra, til þess að Landskerfi bókasafna hf. geti dregið út tiltekna upplýsingar um eintakafjölda og útlán.

4. mgr.: *“Greiðslur fyrir útlán bóka skulu byggðar á upplýsingum frá Landskerfi bókasafna.”*

Ósamræmi er á milli 4. mgr. og 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins, en í 2. mgr. er viðhaft orðalagið *“Landskerfi bókasafna eða á annan sannanlegan hátt.”* Lagt er til að orðalag málsgreinanna verði samræmt, þannig að fela megi öðrum aðila upplýsingaöflun ef í framtíðinni verða breytingar á eðli og umfangi þjónustu Landskerfis bókasafna hf. við íslensk bókasöfn.

4. mgr.: “jafngildi tiltekins fjölda útlána á grundvelli stigagjafar þar sem tekið er tillit til tegundar, umfjöllunarefnis eða lengdar bóka.”

Landskerfi bókasafna hf. telur að endurskoða þurfi grundvöll stigagjafar vegna afnots bóka á lestrarsölum safna, enda verði afar flókið og kostnaðarsamt, ef yfirhöfuð mögulegt, að safna gögnum sem byggja á tegund, umfjöllunarefni eða lengd bóka, eins og lagt er til í frumvarpinu. Lagt er til að grundvöllur stigagjafar verði mótaður í vinnuhópi sbr. athugasemd við 5. gr., 2 mgr., í stað þess að notast við ofangreinda mælikvarða.

## 5. gr.


2. mgr.: “Menntamálaráðherra setur sérstakar reglur um umsóknir og úthlutun skv. 4. gr.”

Á umliðnum árum hefur verið umtalsverð vinna fólgin í því, að draga út upplýsingar úr Gegni um útlán og afnot á bókasöfnum vegna úthlutana úr Bókasafnasjóði rithöfunda. Með tilkomu þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpi þessu, er ljóst að þessi vinna mun vaxa verulega að umfangi. Því er einsýnt að leggja þarf í vinnu við að móta nothæft verklag hér að lútandi. Lagt er til að stofnaður verði vinnuhópur sem samstandi af fulltrúum Landskerfis bókasafna hf., Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafns auk Úthlutunarnefndar sem hafi það hlutverk að móta verklag við gagnasöfnun vegna úthlutunar fyrir afnot bóka á bókasöfnum.

4. mgr.: “Þóknun til úthlutunarnefndar og annar kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af árlegri fjárveitingu Alþingis fyrir afnot á bókasöfnum.”

Rétt er að ítreka að vinnsla upplýsinga úr gagnagrunni Landskerfis bókasafna er bæði flókin og tímafrek og því þarf Úthlutunarnefnd að gera ráð fyrir greiðslum til handa Landskerfi bókasafna hf. vegna vinnu fyrirtækisins. Þetta lítur bæði að mótun verklags vegna fyrstu úthlutunar úr sjóðnum, auk vinnu við árlega úthlutun á árum þar á eftir.

Virðingarfyllst,



---

Sveinbjörg Sveinsdóttir  
framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna hf.